

**116. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
3. desember 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri, Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Kristinn Hallur Sveinsson vék af fundi undir máli nr. 2. Ívar Orri Kristjánsson kom inn sem varamaður fyrir Kristinn.

Fyrir tekið:

1. 1911188 - Kynning á þjónustu og stöðu mála í málaflokki fatlaðra

Kynning á málaflokki fatlaðra.

Arnheiður Andrésdóttir ráðgjafaproskaþjálfari og Berglind Jóhannesdóttir ráðgjafaproskaþjálfari sátu fundinn undir þessum lið og kynntu þjónustuna og stöðuna í málaflokki fatlaðra.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar starfsmönnum fyrir greinargóða kynningu.

2. 1808082 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

3. 1911031 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

4. 1904230 - Dalbraut 4 - hönnun þjónusturýmis aldraðra og innra skipulag.

Kynntar verða nýjustu teikningar sem fyrir liggja varðandi innréttingar í þjónustumiðstöðinni við Dalbraut 4 og farið yfir hugmyndir starfsmanna að innra skipulagi þar.

Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri á Skipulags- og umhverfissviði sat fundinn undir þessum lið og kynnti teikningar af þjónustumiðstöðinni á Dalbraut 4. Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri á Velferðar- og mannréttindasviði kynnti hugmyndir teymis í stuðnings- og stoðþjónustu um innra starf í þjónustumiðstöðinni. Velferðar- og mannréttindaráð þakkar góða kynningu.

5. 1909174 - Þjónustuíbúðir fyrir 67 ára og eldri

Á fundi velferðaráðs þann 8. ágúst síðastliðinn var tekin fyrir greinargerð um þörf fyrir þjónustuíbúðir fyrir 67 ára og eldri á Akranesi. Ákveðið var að kortleggja þörfina enn betur í samvinnu við heimahjúkrun HVE og framkvæmdastjóra Höfða. Nú liggur fyrir niðurstaða þeirrar kortlagningar og verður hún kynnt á fundinum.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra er kveðið á um þjónustuíbúðir. Nýlega var gerð óformleg könnun um fjölda þeirra sem hugsanlega geta nýtt sér slíka þjónustu á Akranesi og voru það 14 einstaklingar.

gj

RMS

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að hafin verði undirbúningur að því að kaupa þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara á Akranesi.

6. 1911090 - Ályktun Öldungaráðs vegna málefna Höfða

Kynnt ályktun Öldungaráðs sem send var til heilbrigðisráðherra og víðar um stöðuna á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Kristín H. Sveinsson -
Einar Brandsson
Anna Pórz Þorgrísdóttir
Sveinbjörg Kristbjörg
Hilma Rún Akadottir
Danfey Þórsdóttir